

Skýrsla starfshóps sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu verndaðrar vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk.

Helstu niðurstöður

1. Vinnusamningar - aðgengi fatlaðs fólks verði aukið að vinnusamningum og þeir gerðir sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðari. Í þeim tilfellum þar sem stuðningur er viðvarandi (langvarandi) verði hægt að festa vinnusamninga til langs tíma.
2. Opnað verði á þann möguleika að þeir sem eru með úthlutað pláss í dagþjónustu eigi þess líka kost að fara á almennan vinnumarkað í gengum vinnusamninga. Þarna er gæti sá stuðningur sem fólk er nú þegar að fá í dagþjónustunni nýst sem stuðningur við atvinnuþátttöku.
3. Vinna þarf ekki að vera 4-8 klst á dag. Atvinnurekendum verði kynntur möguleikinn á að fá fólk í vinnu t.d. bara nokkra klst á viku, t.d. 1 klst 3x í viku.
4. Tilraunaverkefni verði sett á laggirnar til 2-3 ára þar sem opnaðar verði virknimiðstöðvar þar sem fólk sem er á vinnusamningum standi til boða að mæta fyrir og/eða eftir vinnu. Markmiðið er félagsleg virkni. Virknimiðstöðvar þessar verði reknar af ríkinu og séu öllum aðgengilegar.
5. Styrkir til náms og tækja og verkfæra kaupa færast alfarið til VMST
6. Teknir væru upp styrkir til atvinnurekenda vegna verkstjórnar ekki einvörðungu vegna launkostnaðar fatlaðs starfsmanns
7. Teknir væru upp styrkir til atvinnurekenda til að koma til móts við kostnað vegna breytinga á húsnæði eða kaupa á búnað sem leiða af viðeigandi aðlögun vegna fatlaðra starfsmanna
8. Aðgengi atvinnurekenda að aðstoð fagfólks vegna starfa fatlaðs starfsfólks verði aukið hvort sem er aðgengi að fagfólki í virknimiðstöðvum og/eða að með ráðningu fagfólks á vinnustað.
9. Starfsnámi verði komið á fót fyrir þá sem útskrifast af starfsnámsbrautum og eða finna sig ekki þar. 6-12 mán starfsþjálfun og nám
10. Námsframboð verði skoðaða sérstaklega fyrir þroskahamlað og geðfatlað fólk.
11. Stofnaður verði starfshópur til undirbúa opnun virknimiðstöðvar fyrir fatlað fólk með flóknar og samsettar stuðningsþarfir. Starfshópurinn taki til starfs eins fljótt og kostur er og meti uppbyggingu til næstu 10 ára. Hlutverk hópsins yrði einnig að meta kosti og galla þess hæfingartengd virknipjónusta færast frá sveitarfélögum til ríkisins.

Forsaga

Í kjölfar stöðumats samráðshóps Vinnuálfstovunnar (VMST) og Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) vegna umsókna um verndaða vinnu, hæfingu á dagþjónustu, sem kom út 10. febrúar 2020, skipaði samráðshópur SSH starfshóp með erindisbréfi dagsettu 7. október 2020.

Fram kom í stöðumati samráðshóps VMST og SSH að uppbygging í verndaðri vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk væri nauðsynleg í ljósi þess að allir vinnu og hæfingarstaðir á höfuðborgarsvæðinu væru þéttsetnir og biðlistar eftir þjónustu væru staðreynd, að uppbygging er nauðsynleg. Einnig kemur fram í stöðumatinu að áætlaður fjöldi umsókna á höfuðborgarsvæðinu um verndaða vinnu, hæfingu og virknipjónustu á næstu 5 ára kalli á aðgerðir.

Í niðurstöðum stöðumats samráðshóps VMST og SSH kemur fram að mat hópsins sé að það þurfi að bregðast og hefja áætlun um uppbyggingu á þjónustu á höfuðborgarsvæðinu sem allra fyrst. Er lagt til að skipaður verði starfshópur þvert á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem skili tillögum um úrlausnir.

Starfshópurinn

Starfshópurinn skipaðu:

- Arne Friðrik Karlsson, leiðandi forstöðumaður á velferðarsviði Reykjavíkur sem jafnframt er formaður hópsins.
- Laufey Gunnlaugsdóttir, deildarstjóri sértækrar þjónustu, Vinnumálastofnun.
- Guðlaug Ósk Gísladóttir, deildarstjóri þjónustu og ráðgjafadeildar velferðarsviðs Kópavogs.
- Sigurbjörg Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar.

Varamenn

- Hródný Garðarsdóttir, forstöðumaður, velferðarsviði Reykjavíkur
- Ásgeir Sigurgestsson, deildarstjóri þjónustu við fatlað fólk, fjölskyldu- og barnamálasviði Hafnarfjarðar.
- Guðrún Jónsdóttir, ráðgjafi, Vinnumálastofnun.

Verkefni hópsins

Hlutverk hópsins var að setja fram tillögur er varða uppbyggingu verndaðrar vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2030. Skulu tillögurnar miðast við þá eftirspurn er talin er verða fyrir þjónustuna og taka mið af Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Til hliðsjónar skal hópurinn hafa stöðumat samráðshóps VMST og SSH um verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu, dagsett 10.02.2020.

Fundir

Á fyrsta fundi hópsins, sem haldinn var 25. nóvember 2020, voru bæði boðaðir aðal og varamenn. Á þeim fundi var ákveðið að fyrsta verk hópsins yrði að kalla að borðinu hagsmunasamtök fatlaðs fólks og aðrir sem málinu tengjast, áður en eiginleg hugmyndavinna færi af stað. Vegna anna nefndarmanna og yfirvofandi heimsfaraldurs fór vinna þessi ekki aftur af stað fyrr en í febrúar 2021. Haldnir voru reglulegir fjarfundir og þar sem ýmsir aðilar voru boðaðir til samtals og samráðs. Tafir urðu reglulega á vinnu hópsins vegna ástands í samfélaginu. Einnig hafði áhrif á vinnu hópsins vinna við endurskoðun á lögum nr 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Skaraðist sú vinna við störf hópsins sem varð til þess að tillögur lagahópsins eru að tölverðu leiti byggðar á vinna þessa hóps.

Starfshópurinn átti fimm fundi með hagsmunaaðilum, þeim sem hafa komið að eða rannsakað vinnumál fatlaðs fólks. Markmiðið var að fá þeirra sýn á það hvernig huga eigi að uppbyggingu verndaðrar vinnu, hæfingu og dagsþjónustu fyrir fatlað fólk. Hópurinn fékk til sín eftirfarandi aðila á tímabilinu 15. febrúar til 3. maí 2021 og er þeim raðað í stafrófsröð:

1. Anna Lára Steindal, verkefnisstjóri hjá Proskahjálpar,
2. Björn Finnbogason, starfsmaður Vinnumálastofnunar
3. Elín Ebba Ásmundsdóttir, framkvæmdarstjóri Hlutverkaseturs
4. Friðrik Sigurðsson, fyrrum framkvæmdarstjóri Proskahjálpar,
5. Grímur Atlason, framkvæmdarstjóri Geðhjálpar
6. Héðinn Unnsteinsson, formaður Geðhjálpar
7. Sigurbjörn Rúnar Björnsson, forstöðumaður Opus vinnumarkaðsúrræði Reykjavíkurborgar
8. Stefán Celine Hardonk lektor við Háskóla Íslands

Hér að neðan eru tekin saman þau atriði sem komu fram í samtölum starfshópsins og viðkomandi aðila með hliðsjón af markmiðum verkefnisins.

Fatlað fólk þarf að hafa val um að vinna á almennum vinnumarkaði. Mikil fjölgun hefur orðið í hópi öryrkja og til að mæta þeirri þróun er mikilvægt að atvinnulífið stigi inn með markvissum hætti og taki samfélagslega ábyrgð, að lausn sé fundin í gegn um vinnumálastofnun og þá þarf að greina að hve miklu leiti velferðarkerfið geti útfært lausnir.

Í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um atvinnuþátttöku á vinnumarkaði og því ætti það að heyra til undantekningar að fólk sé utan þess markaðar. Þar af leiðandi á ekki að huga sérstaklega að því að stækka aðgreinda vinnustaði þar sem það samræmist ekki samningnum og virkar um leið letjandi við að leita nýrra leiða. Því má þó ekki gleyma að það er hópur fatlaðs fólks sem er ekki að fara út á almennan vinnumarkað fötlunar sinnar vegna. Leggja þarf

áherslu á að fólk með geðrænar áskoranir fái vinnu á almennum vinnumarkaði eftir áhuga og getu. Þessi hópur á ekki að þurfa verndaða vinnu heldur á að vera hægt að finna þeim hlutastörf við hæfi með góðum stuðningi. Í þessu sambandi er vert að líta til Noregs en þar eru mörg fyrirtæki með fatlað fólk í vinnu. Í Noregi voru það forstjórar þekktra fyrirtækja sem vildu koma á samstarfi atvinnulífsins og Vinnumálastofnunar til að gera fötluðu fólki kleift að sækja vinnu og er það ákveðinn lykill að því að vel hafi tekist til að virkja atvinnulífið til samstarfs.

Fyrirtæki sem auglýsa eftir fólki þurfa að endurskoða hæfniskröfur í starfslauglýsingu. Í flestum tilvikum er verið að skilgreina kröfur út frá raunveruleika ófatlaðra einstaklinga. Fyrirtæki og vinnustaðir gera ríkar kröfur um samskiptahæfni sem einstaklingar með þroskahömlun hafa ekki alltaf til að bera en það þýðir samt ekki að viðkomandi búi ekki yfir ákveðinni hæfni. Það þarf að skoða hvaða kröfur vinnustaðir setja fram, og skoða hvort ekki sé réttara að setja fram allskonar kröfur. Þá er að verða breyting með nýrri kynslóð fólks, þar sem unga fólk er með annarskonar væntingar til vinnu en þeir sem eldri eru. Í dag er fólk mjög meðvitað um sín réttindi, margir hafa verið í skóla án aðgreiningar og vill hafa möguleika á því að starfa á almennum vinnumarkaði. Í Noregi hafa verið gerðar rannsóknir á reynslu einstaklinga með þroskahömlun af vinnumarkaði. Niðurstöður sýna að fatlað fólk þarf að fá tækifæri til að læra nýja hluti, hafa traust frá vinnuveitanda og samstarfsaðilum og tækifæri til starfsþróunar. Það skiptir máli fyrir fólk að finna að starf þeirra geti þróast með breytingum hjá fyrirtækinu.

Nýsköpun og frumnýsköpun er mikilvægur þáttur í því að veita fötluðu fólki tækifæri úti á vinnumarkaði. Styrkjakerfi þar sem veittir eru styrkir vegna stuðnings við samfélagsvirkni veita tækifæri fyrir fatlað fólk. Á þessu sviði eru tvö félög sem vert er að líta til, Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna og Félag kvenna í nýsköpun. Hvernig má nýta þau tækifæri sem leynast í þessum verkefnum, til dæmis til starfsþjálfunar fyrir fatlað fólk. Reynslutímabil þar sem fatlað fólk fær að koma einn dag í viku til að vinna ákveðin verkefni. Það þarf að byggja brú á milli nýsköpunaraðila og fatlað fólks því fatlað fólk vill fjölbreytta möguleika.

Fyrirtæki sem ráða til sín fatlað fólk þurfa stuðning. Það eru dæmi um það erlendis frá að yfirvöld veiti fyrirtækjum styrk til að kaupa þjónustu mannauðsráðgjafa til að aðstoða við að skilgreina störf, aðlaga vinnustaðinn og fleira því tengdu til að vel takist til. Í dag ræður Vinnumálastofnun illa við þetta verkefni, með núverandi fjölda ráðgjafa. Þá er óskýr lína á milli Vinnumálastofnunar og sveitarfélaganna þegar fólk þarf viðvarandi stuðning. Það þarf að skoða möguleika á því að færa þann stuðning sem veittur er á aðgreindum vinnustöðum, oft maður á mann, inn á almennan vinnumarkað.

Í dag vinnur starfshópur að endurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 m.a. með áherslu á atvinnumál. Þá hafa stjórnvöld komið af stað verkefni sem felur í sér að tengja framhaldsskólana við atvinnulífið, verkefni sem hefur verið fjármagnað að hluta. Í því felst að Vinnumálastofnun og framhaldsskólarnir vinna að því gera nemendum starfsbrautar kleift að sækja út í atvinnulífið eftir útskrift.

Að lokum

- Mikilvægt er að vita hvað það er sem fólk er að leitar eftir, hvaða tækifæri eru í boði og hvaða hæfni fólk býr yfir.
- Það þarf að eiga samtál við atvinnulífið.
- Fyrirtæki þurfa að sjá að áhugi er til staðar.
- Líta til Noregs og lært af reynslu þeirra við að virkja atvinnulífið.
- Tryggja þarf að fyrirtækjum standi til boða ráðgjöf.
- Skilgreina tækifærin og vinna markvisst að því að komast inn í fyrirtækin.
- Leggja áherslu á hlutastörf, allt niður í 10% starf
- Treysta böndin, sveitarfélögin, vinnumálastofnun, skólinn og fleiri aðilar
- Gera rannsóknir, skoða þegar koma nýjar áætlanir og reyna að fylgja eftir með rannsóknum.

Staðan í dag

Á höfuðborgarsvæðinu eru reknir eftirfarandi virknistaðir fyrir fatlað fólk:

Reykjavíkurborg: Gylfaflöt dagþjónusta, lójuberg dagþjónusta og Opus virknimiðstöð.

Kópavogur: Hæfingastöðin Dalvegi og Örvi starfsendurhæfing.

Hafnafjörður: Hæfingastöðin Bæjarhrauni og Geitungarnir

Mosfellsbær: Ásgarður handverkstæði (sjálfseignarstofnun)

Ás styrktarfélag (sjálfeignastofnun) rekur starfsstaði í Stjörnugróf í Reykjavík og Ögurharfi í Kópavogi.

Allir þessir staðir eru vel nýttir í dag eins og fram kemur hér að ofan. Ás hefur stækkað mikið á undanförunum árum og er enn að taka við nýjum einstaklingum.

Flestir þessara staða hafa starfað lengi en nýjustu staðirnir eru Geitungarnir í Hafnarfirði (2015) og Opus í Reykjavík (2019).

Reykjavíkurborg opnaði Opus virknimiðstöð, sem lið í endurskipulagningu verndaðrar vinnu, þar sem hefur verið óformlegt samstarf við VMST um að finna störf á almennum vinnumarkaði og nýta vinnusamninga í því sambandi. Hefur þetta gefist vel og með viðeigandi stuðningi og störfum hafa einstaklingar komist í launaða vinnu og á sama tíma nýtt sér hæfingartengda virknipjónustu í Ópus.

Reykjavíkurborg hefur sett á laggirnar tilraunaverkefni til þriggja ára þar sem starfsemi virknimiðstöðva borgarinnar verða endurskipulagðir, verknefni þeirra, tilgangur og markmið verða endurskilgreind með áherslu á nútíma hugmyndafræði sem endurspeglast í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Kópavogsbær hefur mótað framtíðarsýn í atvinnumálum fatlaðs fólks þar sem áhersla er lögð á að auka atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og annarra með skerta vinnugetu. Reykjavíkurborg hefur einnig mótað framtíðarsýn. Önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa ekki mótað formlega framtíðarsýn í atvinnumálum fatlaðs fólks.

Niðurstöður og tillögur

1. Vinnusamningar - aðgengi fatlaðs fólks verði aukið að vinnusamningum og þeir gerðir sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðari. Í þeim tilfellum þar sem stuðningur er viðvarandi (langvarandi) verði hægt að festa vinnusamninga til langs tíma.
2. Opnað verði á þann möguleika að þeir sem eru með úthlutað pláss í dagþjónustu eigi þess líka kost að fara á almennan vinnumarkað í gengum vinnusamninga. Þarna er gæti sá stuðningur sem fólk er nú þegar að fá í dagþjónustunni nýst sem stuðningur við atvinnuþátttöku.
3. Vinna þarf ekki að vera 4-8 klst á dag. Atvinnurekendum verði kynntur möguleikinn á að fá fólk í vinnu t.d. bara nokkra klst á viku, t.d. 1 klst 3x í viku.
4. Tilraunaverkefni verði sett á laggirnar til 2-3 ára þar sem opnaðar verði virknimiðstöðvar þar sem fólk sem er á vinnusamningum standi til boða að mæta fyrir og/eða eftir vinnu. Markmiðið er félagsleg virkni. Virknimiðstöðvar þessar verði reknar af ríkinu og séu öllum aðgengilegar.
5. Styrkir til náms og tækja og verkfærakaupa færast alfarið til VMST
6. Teknir væru upp styrkir til atvinnurekenda vegna verkstjórnar ekki einvörðungu vegna launkostnaðar fatlaðs starfsmanns
7. Teknir væru upp styrkir til atvinnurekenda til að koma til móts við kostnað vegna breytinga á húsnæði eða kaupa á búnað sem leiða af viðeigandi aðlögun vegna fatlaðra starfsmanna
8. Aðgengi atvinnurekenda að aðstoð fagfólks vegna starfa fatlaðs starfsfólks verði aukið hvort sem er aðgengi að fagfólki í virknimiðstöðvum og/eða að með ráðningu fagfólks á vinnustað.

9. Starfsnámi verði komið á fót fyrir þá sem útskrifast af starfsnámsbrautum og eða finna sig ekki þar. 6-12 mán starfsþjálfun og nám
10. Námsframboð verði skoðaða sérstaklega fyrir þroskahamlað og geðfatlað fólk.
11. Stofnaður verði starfshópur til undirbúa opnun virknimiðstöðvar fyrir fatlað fólk með flóknar og samsettar stuðningsþarfir. Starfshópurinn taki til starfs eins fljótt og kostur er og meti uppbyggingu til næstu 10 ára. Hlutverk hópsins yrði einnig að meta kosti og galla þess hæfingartengd virknipjónusta færast frá sveitarfélögum til ríkisins.

Lokaorð

Sáttmáli sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um að fatlað fólk eigi rétt á að stunda nám og atvinnu til jafns við aðra í samfélaginu. Það er á ábyrgð samfélagsins og tryggja að svo sé með viðeigandi aðlögun og stuðningi.

Atvinnu og námstækifæri fatlaðs fólks á Íslandi í dag eru mjög takmörkuð. Á þessu hefur verið vakin athygli á undanförunum misserum og hafa hagsmunasamtök fatlaðs fólks verið þar í fararbroddi. Samtal starfshópsins við ýmsa aðila tengda vinnu og virknipátttöku fatlaðs fólks kom fram að aðgerða er þörf. Bæta þarf aðgengi fatlaðs fólks að vinnumarkaði og möguleika til náms, hvort sem er bóklegt eða verklegt nám. Slíkt verður ekki gert nema með samstíga átaki marga kerfa s.s. ríkis, sveitarfélaga, atvinnulífs og fleiri.

Fylgiskjöl

1. Stöðumat samráðshóps Vinnumálastofnunnar og Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna umsókna um verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu.

Fylgiskjal 1

10.02.2020

Stöðumat samráðshóps Vinnumálastofnunar og Sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna umsókna um verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu.

- Fundað var 11 sinnum á árinu 2019 í húsnæði VMST Kringlunni 1.
- Samráðshópurinn er skipaður af: Arne Friðrik Karlssyni fulltrúa Reykjavíkur, Hróðnýju Garðarsdóttur fulltrúa Reykjavíkur, Ernu Einarsdóttur frá Ási styrktarfélagi (fulltrúi Reykjavíkur), Guðlaugu Ósk Gísladóttur fulltrúa Kópavogs, Hrönn Hilmarsdóttur fulltrúa Hafnarfjarðar, Vibeke Þ. Þorbjörnsdóttir (afleysingar vegna veikinda Vibeke hafa verið Hildur Fransiska Bjarnadóttir, Sigurbjörg Fjöl意思dóttir) frá Mosfellsbæ, Bryndísi Theódórsdóttur og Guðrúnu Jónsdóttur frá VMST.

Biðlistar eftir þjónustu þann 23.01.2020

- 38 umsækjendur eru á biðlista eftir vinnu og hæfingartengdri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu í lok janúar 2020. Þar af eru fjórir í engri þjónustu.

Sundurliðað eftir umsóknartegund:

- Þar af 18 nýjar umsóknir
- Þar af 14 um milliflutning
- Þar af 6 um aukningu á þjónustu.


Tímabilið 01.01.2019-21.01.2020.

- 57 umsóknir bárust frá 1.jan 2019-21.01.2020.
- Af þeim voru 45 nýjar umsóknir
- 8 umsóknir um milliflutning o
- 4 umsóknir voru vegna aukningar.70 úthlutanir á tímabilinu
1.1.2019-23.1.2020



Verndaðir vinnustaðir, hæfing og dagþjónusta/virkniþjónusta á höfuðborgarsvæðinu sem reknir eru af sveitarfélögunum:


- Reykjavík: Iðjuberg, Gylfaflöt
- Mosfellsbær: Skálatún, Ásgarður (sjálfseignarstofnun)
- Hafnarfjörður: Geitungarnir, Hæfingarstöðin Bæjarhrauni
- Kópavogur: Hæfingarstöðin Dalvegi, Örvi starfsþjálfun
- Seltjarnarnes: Enginn
- Garðabær: Enginn
- Ás styrktarfélag-Vinna og virkni (sjálfseignastofnun)

Samanlagður fjöldi áætlaðra umsækjanda um verndaða vinnu, hæfingu og virknipjónustu næstu 5 árin eftir fæðingarárnum á höfuðborgarsvæðinu:





Skipting áætlaðra umsækjanda eftir sveitarfélögum:





Júní 2022: ATH: Tölur frá Mosfellsbæ eru ekki réttar. Fjöldi nema fæddir 2002 og 2003 er mun minni en kemur fram í þessari töflu.



Álit samráðshópsins:

Mikilvægt er að byggja upp þjónustu í takt við áætlaðan umsækjandafjölda komandi ára. Staðan í dag er sú að allir vinnu- og hæfingarstaðir á höfuðborgarsvæðinu eru þéttsetnir og biðlistar eru staðreynd. Eins og fram kom fyrr í skjalinu eru 38 umsækjendur á biðlista eftir Verndaðri vinnu, hæfingu og virkniþjónustu og lang flestir óska eftir starfi hjá Vinnu og virkni. Ástæðuna teljum við vera þá að Vinna og virkni er nýjasta þjónustan á höfuðborgarsvæðinu og þar eiga starfsmenn möguleika á að færa sig á milli vinnustaða auk fjölbreytni í verkefnum. Einnig er lagt mikið upp úr félagslegum þáttum sem er gríðarlega mikilvægt fyrir marga sem búa við einangrun í daglega lífinu. Vinna og Virkni leggur áherslu að tengja starfsmenn við almennan vinnumarkað.

Kröfur og óskir umsækjanda hafa breyst í takti við tímenn sem þakka má réttindabaráttu fatlaðs fólks. Umsækjendur og aðstandendur gera auknar kröfur til verndaðra vinnu- og hæfingarstaða. Þau vilja fá laun fyrir sína vinnu eins og aðrir á vinnumarkaði og að starfsþróun sé hluti af starfseminni. Mikilvægt er að sú þjónusta sem veitt er aðlagi sig að breyttum aðstæðum og auknum kröfum.

Mat hópsins er að til að mæta þörf fyrir þjónustu þeirra sem ljúka námi á næstu árum þurfi að hefja áætlun um uppbyggingu á þjónustu á höfuðborgarsvæðinu sem allra fyrst. Lagt er til að skipaður verði starfshópur þvert á sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem skili tillögum um úrlausn.

Fulltrúar Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í samráðshópi:

Arne Friðrik Karlsson (Reykjavík)

Hróðný Garðarsdóttir (Reykjavík)

Erna Einarsdóttir (Reykjavík)

Hrönn Hilmarsdóttir (Hafnarfjörður)

Guðlaug Ósk Gísladóttir (Kópavogur)

Hildur Fransíska Bjarnadóttir (Mosfellsbær)

Bryndís Theódórsdóttir (Vinnumálastofnun)

Guðrún Jónsdóttir (Vinnumálastofnun)